

Rangárþing eystra
b/t Guðmundur Úlfar Gíslason
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur

Reykjavík 20. febrúar 2019
UST201902-005/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Deiliskipulag- Rangárþing eystra – Eyvindarholt - Langhólmi

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 1. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi á svæði í landi Eyvindarholts-Langhólma í Rangárþingi eystra.

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið nær til 36,2 ha lands Eyvindarholts – Langhólma þar sem að markmið deiliskipulagsins er að staðsetja 14 byggingareiti undir orlofshús þar sem heimilt er að byggja allt að 120 m² orlofshús á hverjum byggingareit ásamt 25 m² geymslu, verkfæraskúr, gróður – eða gestahús.

Hverfisvernd

Í greinargerð kemur fram að tillagan nær til hverfisverndarsvæðis Hv-234 Markarfljótsaurar – Tjarnarnes. Í gildandi aðalskipulagi kemur eftirfarandi fram varðandi svæðið: „*Fjölbreytt gróðurfar á gömlum aurum Markarfljóts. Ríkulegt fuglalíf, m.a. talsvert skúmavarp. Á náttúruminjaskrá og hluti af Markarfljótsaurum sem eru á skrá um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði*“. Umhverfisstofnun bendir á að skúmur (*Catharacta skua*) er flokkaður sem tegund í bráðri hættu á nýjum válista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018) og er því mikilvægt að það komi fram í tillögunni hver áhrif framkvæmdarinnar er á búsvæði fuglsins og að hvernig forðast skuli allt rask á búsvæði hans.

Náttúruminjaskrá

Landið sem tillagan nær til liggur við svæði sem er nr. 717 á náttúruminjaskrá og kallast Litla- og Stóra-Dímon. Svæðið er lýst á eftirfarandi hátt: „*Höfðarnir Litla- og Stóra-Dímon, í landi Eyvindarkots, ásamt nánasta umhverfi. Svipmiklir, stakir móbergshöfðar.*“ Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fjallað sé um verndargildi

svæðisins í tillögunni. Einnig er það mat Umhverfisstofnunar að tillagan hefur áhrif á ásýnd svæðisins og því neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminjanna.

Ásýnd

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að umhverfinu þar sem á svæðinu eru flatar áraurar sem eru tiltölulega óraskaðar. Einnig bendir stofnunin á umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landskipulagstefnu en þar segir: „*Skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.*“


Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999 og mikilvægt sé að það komi fram í tillögunni.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur